

Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Dagskólanemendur 4
Fjöldi dagskólanemenda 4
Fjöldi nýnema í dagskóla 5
Fjöldi nemenda eftir landshlutum í dagskóla 6
Skipting nemenda á brautir – dagskóli 7
Hlutfallsleg skipting bók- og starfsnám 8
Kynjaskipting dagskólanemenda – þróun 9
Kynjaskipting bók- og starfsnám 9
Meðalaldur – þróun 10
Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir 11
Nemendur með annað móðurmál en íslensku (AM-nemendur) 12
Fjarnemar 12
Fjöldatölur fjarnám - þróun 12
Fjöldatölur fjarnám- skipting milli landshluta 13
Fjarnám – kynjaskipting 14
Fjarnám – aldursdreifing 14
Fjarnám-skipting skráninga gagnvart lokaprófi 14
Rekstur 15
Tekjur og gjöld 15
Námskraftur 15
Skólafundur 5. október 2023 16
Mat 16
Innra mat 16
Stofnun ársins 2023 17
Stefnur, áætlanir og verkefni 17
Grænfáninn 17
Kuðungurinn 2022 17
Jafnvægisvogin 18
Erlend samstarfsverkefni 18
Forvarnar- og félagsmál 18
Setrið 19
Heilbrigðisskólinn- kynningarverkefni 19
Lokaorð 20

Inngangur

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er rótgróinn áfangakerfisskóli í sókn. Skólann sækja nemendur af öllu höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Nemendahópurinn er æði fjölbreyttur en uppruni nemenda nær til allra heimsálfa utan Ástralíu og Suðurskautslandsins. Þá er skólinn í þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum og á hverju ári sækja erlendir nemendur og kennarar hann heim.

Skólinn býður upp á bóknám á félagsfræðibraut, heilbrigðisvísindabraut, íþrótta- og heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut, opinni stúdentsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Þá býður skólinn nám á almennri námsbraut fyrir þá sem ekki hafa lokið námsmarkmiðum grunnskóla auk viðbótarnáms til stúdentsprófs. Skólinn er kjarnaskóli heilbrigðisgreina og þar er boðið upp á fjölbreytt starfsnám í heilbrigðisgreinum: heilbrigðisritarabraut, heilsunuddbraut, lyfjatæknabraut, námsbraut fyrir sótthreinsitækna, sjúkraliðabraut, tanntæknabraut, þjónustutæknabraut auk grunnnáms í heilbrigðisgreinum. Loks býður skólinn upp á tveggja ára starfsnám á nýsköpunar- og listabraut. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er stærsti fjarnámsskóli landsins og hefur verið það um árabil.

Starfsmenn skólans á haustönn voru 118 í 103 stöðugildum (32 karlar og 86 konur). Við skólann starfa 78 kennarar auk skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, gæðastjóra, bókasafnsfræðings, fjármálastjóra, skjalastjóra, fjögurra námsráðgjafa, fimm þroskaþjálfa, sálfræðings auk annarra starfsmanna.

Starfsmönnum fjölgaði um sex þegar skólinn tók við Námskrafti þann 1. ágúst. Námskraftur er úrræði sem hentar nemendum sem ekki treysta sér beint í framhaldsskóla og þurfa til þess aukinn stuðning.

Magnús Ingvason skólameistari skólans frá 2018 fékk skipunarbréf til næstu fimm ára. Magnús tók við fjölmörgum viðurkenningum fyrir hönd skólans á árinu 2023. Skólinn lenti í þriðja sæti í flokki stórra stofnana í Stofnun ársins 2023. Grænfáninn var afhentur skólanum í níunda sinn á árinu og skólinn var einn þriggja stofnana sem komst í úrslit Kuðungsins sem er æðsta viðurkenning Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Skólinn hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar sem Félag kvenna í atvinnulífinu afhendir.

Nemendur og kennarar tóku þátt í nokkrum erlendum samstarfsverkefnum. Skólinn hlaut Erasmus+ vottun sem mun auðvelda honum að sækja um slík verkefni. Þá komu nokkrir hópar nemenda og kennara í heimsókn í skólann til að kynna sér starfsemi hans.

Heilbrigðisvísindabraut var formlega tekin í notkun sem námsbraut við skólann vorið 2023. Henni er ætla að undirbúa nemendur fyrir nám í hjúkrunarfræði, læknisfræði, sjúkraþjálfun og tannlækningum.

Ljósmynd Freys Thors nemanda við skólann var valin sem fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni í flokki ljósmynda sem haldin er á vegum FEE (Foundation for Environmental Education). Nemendur FÁ undir handleiðslu Hönnu Jónsdóttir sigruðu í Nýsköpunarhraðli framhaldsskólanna. Nemendurnir þróuðu snakk úr uggum og sporðum þorska. Alls bárust 60 verkefni í keppnina.

Á íþróttasviðinu bar það hæst að Ingi Björn Þorsteinsson varð Norðurlandameistarar í boccia og skólinn varð framhaldsskólameistari í hestaíþróttum en fulltrúi skólans var Guðný Dís Jónsdóttir. Þá stóðu Morfís- og Gettu Betur lið skólans sig með prýði en bæði lið náðu inn í 8-liða úrslit keppnanna.

Skólinn hlaut fimm milljón króna styrk fyrir heilbrigðisgreinar skólans. Styrkurinn fór að mestu í gerð myndbanda sem aðgengileg eru á heimasíðunni auk auglýsinga undir leiðsögn auglýsingastofunnar Sahara.

Skólinn tók upp kennslukerfi Innu í dagskóla á haustönn eftir ítarlega skoðun og prófun frá hópi kennara á vorönn. Það þýðir að kennsluefni og verkefnum er nú dreift til nemenda í gegnum Innu. Þetta er gert til að auðvelda foreldrum og nemendum að fylgjast með náminu. Kennsla við skólann er í stöðugri þróun og vakti athygli fjölmiðla hvernig sýndarveruleiki var notaður í sögukennslu til að fá nemendur til að ferðast aftur til Egyptalands hins forna.

Þorsteinn Barðason og Halldór Gísli Bjarnason luku störfum við skólann á vorönn eftir farsælt starf.

Dagskólanemendur

Fjöldi dagskólanemenda


Gögn um nemendafjölda skólans árið 2023 eins og undanfarin ár koma frá Hagstofu Íslands og eru aðgengilegar gegnum Innu. Viðmiðunardagsetningar nemendafjöldans voru 26. janúar (vorönn) og 8. september (haustönn), u.þ.b. þremur vikum eftir upphaf kennslu. Nemendafjöldi á vorönn 2023 var 810 og á haustönn 917.

2019		**2020**		**2021**		**2022**		**2023**	
vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust
860	915	839	907	853	859	773	893	810	917

Á haustönn 2023 komu nemendur í skólann í fyrsta sinn frá Námskrafti og voru þeir um 24.

Dagskólanemum hefur fækkað á þessari öld frá því sem mest var á árunum eftir efnahagshrunið 2008. Sé miðað við undanfarin 10 ár þá getur nærri að nemendum hafi

fækkað úr rúmlega 1000 í tæplega 900 með sveiflum milli haust- og vorannar.



Stytting námstíma til stúdentsprófs hófst haustið 2015. Um 50% nemenda er í stúdentsnámi og stytting úr fjórum árum í þrjú getur því skýrt rúmlega 100 nemenda fækkun við skólann.


Fjöldi nýnema í dagskóla

Haustið 2023 innritaðist metfjöldi nýnema í nám við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Nemendur úr Námskrafti eru hér ekki taldir með.

Haustönn	**2019**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Fjöldi nýnema	116	103	142	166	236

Nýnemahópurinn kemur aðallega af höfuðborgarsvæðinu eins og nemendur skólans en sker sig frá dagskólanemendum með það að hlutfallslega flestir eru skráðir á almenna braut á kostnað starfsnáms.

42 nýnemar af 236 voru AM-nemendur eða um 17,8%.



Aðsókn nýnema að skólanum haustið 2024 um þrisvar sinnum meiri en haustin 2016 og 2018 þegar hún var með minnsta móti. Verður fróðlegt að vita hver þróunin verður á næstu árum.

Fjöldi nemenda eftir landshlutum í dagskóla

Haustið 2023 voru 914 nemendur skráðir póstnúmer samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands, þar af 556 (61%) í Reykjavík . Á vorönn voru 805 nemendur skráðir með póstnúmer þar af 515 (64%) í Reykjavík. 230 nýnemar voru með póstnúmer þar af 134 (58%) í Reykjavík.

Bæjarfélag	**vor 2023**	**haust 2023**	**Nýnemar haustið 2023**
Garðabær	61	76	30
Hafnarfjörður	78	85	21
Kópavogur	69	114	35
Mosfellsbær	20	24	5
Seltjarnarnes	7	10	1
Samtals	235 (29%)	309 (34%)	92 (40%)

Hlutfallslega fáir nemendur stunda nám við skólann af landsbyggðinni, flestir af Suðurlandi og Suðurnesjum.

Landshluti	vor 2023	haust 2023	Nýnemar haustið 2023
Austurland	3	2	0
Norðurland eystra	3	4	1
Norðurland vestra	4	2	0
Suðurland	15	15	0
Suðurnes	15	13	3
Vestfirðir	3	2	0
Vestmannaeyjar	5	3	0
Vesturland	7	8	0
Samtals	55 (7%)	49 (5%)	4 (2%)

Skipting nemenda á brautir – dagskóli

Fjölmennasta braut skólans árið 2023 var almenn námsbraut en hana sækja nemendur sem ekki hafa lokið námsmarkmiðum grunnskóla; næst á eftir kemur opin stúdentsbraut. Fjölmennasta starfsnámsbrautin var sjúkraliðanám en það er hægt að taka á sjúkraliðabraut og í gegnum sjúkraliðabrú eftir stöðu nemenda; næst á eftir kom heilsunuddbraut. Við gerð þessarar skýrslu var ákveðið að flokka nám með öðrum hætti en hefur verið gert og miða flokkunina frekar við markmið náms: Stúdentsnám, starfsnám, fornám og svo ótilgreint nám. Sem dæmi er grunnám heilbrigðisgreina flokkað sem starfsnám frekar en bóknám þótt flestar greinar þar séu bóklegar. Þá er almenn braut frekar flokkuð sem fornám en bóknám eins og gert er í fyrri skýrslum.

Hér fyrir neðan eru námsbrautir við skólann sem nemendur voru skráðir á árið 2023 í stafrófsröð ásamt flokkun (tegund)

Braut - heiti	Tegund	vor 2023	haust 2023	Nýnemar haustið 2023
Almenn námsbraut	Fornám	135	178	79
Félagsfræðabraut	Stúdentsnám	92	106	41
Fjarnámsbraut	Ótilgreint	4	1	0
Framhaldsskólabraut	Fornám	1	0	0
Grunnnám heilbrigðisgreina	Starfsnám	18	15	2
Heilbrigðisritarabraut	Starfsnám	12	6	1
Heilbrigðisvísindabraut	Stúdentsnám	0	20	12
Heilsunuddbraut	Starfsnám	44	41	0
Hugvísindabraut	Stúdentsnám	1	1	0
Íþrótta- og heilbrigðisbraut	Stúdentsnám	46	39	5
Lyfjatæknabraut	Starfsnám	12	13	2
Námskraftur	Fornám	0	24	0
Náttúrufræðibraut	Stúdentsnám	71	68	13
Nýsköpunar- og listabraut	Starfsnám	52	53	13
Opin stúdentsbraut	Stúdentsnám	124	145	25
Sjúkraliðabraut	Starfsnám	62	65	2
Sjúkraliðabrú	Starfsnám	24	18	0
Sérnámsbraut	Sérnámsbraut	33	40	14
Tanntæknabraut	Starfsnám	24	26	9
Viðskipta- og hagfræðibraut	Stúdentsnám	49	51	18
Viðbótarnám til stúdentsprófs	Stúdentsnám	0	1	0
Þjónustutæknabraut	Starfsnám	6	6	0
Samtals		810	917	236

Hlutfallsleg skipting bók- og starfsnám

Tæplega 2/3 nemenda stunda bóknám (stúdentsnám eða fornám) við skólann en tæplega þriðjungur starfsnám. Nýnemar haustið 2023 sóttu meira í bóknám á kostnað starfsnáms í heilbrigðisgreinum.

Tegund náms	vor 2023 (%)	haust 2023 (%)	Nýnemar haust 2023 (%)
Ótilgreint nám	0,5	0,1	0,0
Stúdentsnám	47,3	47,0	47,4
Fornám	16,8	22,0	34,3
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	22,9	20,7	7,0
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	6,4	5,8	5,2
Sérnámsbraut	4,1	4,4	6,1

Nýnemahópurinn leitaði í meira mæli inn í fornám en starfsnám.

Kynjaskipting dagskólanemenda – þróun

Frá og með vorönn 2022 urðu þær breytingar að nemendur gátu gefið upp annað kyn en karlkyn (kk) og kvenkyn (kvk). Sá hópur sem skilgreinir sig utan hins hefðbundna kynjakerfis er áfram fámennur.

Kyn	vor 2023 (%)	haust 2023 (%)	Nýnemar haustið 2023 (%)
KK	44,3	43,2	38,7
KVK	55,3	56,5	60,9
Annað eða ótilgreint	0,4	0,3	0,4
Samtals	100,0	100,0	100


Af persónuverndarsjónarmiðum er því sleppt að greina önnur kyn en karlkyn og kvenkyn niður á brautir.

Kynjaskipting bók- og starfsnám

Nýnemahópurinn haustið 2023 er frábrugðin dagskólahópnum að því leytinu til að fleiri leita í bóknám og fornám en færri í starfsnám heilbrigðisgreina. Rúmlega helmingur kvenkyns nemenda var í stúdents- eða fornámi við skólann haustið 2023 á móti nærri fimm af sex kvenkyns nýnemum. Hlutfallslega margir karlkyns nýnemar sóttu aftur á móti um starfsnám í heilbrigðisgreinum og er það vel.


	haust 2023 (%)		Nýnemar haustið 2023 (%)	
Tegund náms	KK	KVK	KK	KVK
Ótilgreint nám	0,0	0,1	0,0	0,0
Stúdentsnám	24,3	22,5	19,6	27,8
Fornám	10,6	11,5	14,3	20,0
Starfsnám, heilbrigðisbrauta	2,8	17,9	6,5	6,1
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	2,4	3,3	0,9	3,9
Sérnámsbraut	3,1	1,3	3,5	2,6
Samtals	43,2	56,5	39,0	60,5

Kynjaskipting hefur verið í nokkru jafnvægi milli anna undanfarin ár þótt konur séu að jafnaði fleiri. Heldur dró í sundur haustið 2023 vegna kynjaskiptingar nýnemahópsins en þar voru konur rúmlega 60% hópsins.



Meðalaldur – þróun

Meðalaldur dagskólanemenda var 21,9 ár á vorönn og 20,4 ár á haustönn 2023. Meðalaldur fer lækkandi við skólann og munar þar um nýnemahópa undanfarin ár.




Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir

Flestir stúdentar útskrifuðust af opinni braut á báðum önnum en flestir úr starfsnámi af sjúkraliðabraut.

Braut	vor 2023	haust 2023
Félagsfræðabraut	11	8
Íþrótta- og heilbrigðisbraut	5	3
Náttúrufræðibraut	5	7
Viðskipta- og hagfræðibraut	4	2
Nýsköpunar- og listabraut	2	3
Opin braut	24	25
Sérnámsbraut	7	0
Heilbrigðisritarabraut	2	1
Heilsunuddbraut	13	8
Lyfjatæknabraut	2	2
Sjúkraliðabraut	20	8
Tanntæknabraut	9	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	17	10
Samtals	121 (109)	81 (75)

Tölu innan sviga tákna fjölda einstaklinga en heildartalan er fjöldi brautskráninga. Nokkur sveifla er í fjölda útskriftarnema við skólann. Starfsnemar taka margir hverjir viðbótarnám til




stúdentsprófs.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku (AM-nemendur)

Á vorönn 2023 voru 152 AM-nemendur í skólanum (19%) en á haustönn 161 af 917 (18%). Þetta er nokkur hæg aukning frá haustinu 2022. 42 af 236 nýnemum við skólann voru AM-nemar eða 17,8%.

Hlutfallstölurnar virðast fylgja nokkurn vegin hlutfalli umsókna erlendra nemenda af heildartölu umsókna við skólann en þær eru til frá haustinu 2002. Á þann lista fara allir nemendur sem halda áfram námi frá árinu á undan sem og nýnemar.



Þróun í fjölda AM-nemenda hefur verið gríðarlega hröð og er áskorun fyrir skólasamfélagið.

Nemendur með 35 erlend ríkisföng voru skráðir í skólann haustið 2023. Ríkisföngin voru sem hér segir: Afganistan, Albanía, El Salvador, Gambía, Grikkland, Hondúras, Ísland, Íran, Írak, Jemen, Kína, Lettland, Litháen, Malaví, Moldóva, Nepal, Palestína, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Rússland, Serbía, Síle, Sómalía, Suður-Súdan, Spánn, Sýrland, Tékkland, Tæland, Ungverjaland, Úganda, Úkraína, Venesúela, Víetnam. Nemendur með íslenskt ríkisfang voru fjölmennastir en þar á eftir komu hópar frá Afganistan, Póllandi og Úkraínu.


Fjarnemar

Fjöldatölur fjarnám - þróun

Annir í fjarnámi eru þrjár: vor (V), sumar (S) og haust (H). Nokkuð stöðugleiki er í fjölda fjarnema á haustin og vorin en þá sækja 1200-1300 nemendur sér fjarnám við skólann. Tölur fyrri ára eru fengnar úr fyrri ársskýrslum en tölur fyrir árið 2023 voru fengnar frá Hagstofu Íslands í gegnum Innu: 10. febrúar, 20. júní og 20. september 2023.

2019			2020			2021			2022			2023		
V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H
1132	699	1214	1206	1104	1274	1346	981	1099	1300	705	1191	1298	920	1277

Sumarönnin 2023 var óvenju fjölmenn og slagar hátt í nemendafjölda sumarannirnar 2020 og 2021 þegar heimsfaraldur vegna covid-19 geisaði í landinu.



Fjöldatölur fjarnám- skipting milli landshluta

Rúmlega 40% fjarnema komu úr Reykjavík. Að öðru leyti koma stærstu hóparnir af höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Suðurnesjum.

	Bæjarfélag	**vor 2023**	**sumar 2023**	**haust 2023**
Landsbyggð	Austurland	22	19	16
	Norðurland eystra	44	51	47
	Norðurland vestra	13	15	13
	Suðurland	96	56	87
	Suðurnes	78	55	87
	Vestfirðir	14	11	6
	Vestmannaeyjar	4	7	4
	Vesturland	46	33	40
	Samtals af landsbyggð	**317 (25%)**	**247 (27%)**	**300 (24%)**
Höfuðborgarsvæðið	Garðabær	50	58	57
	Hafnarfjörður	114	93	121
	Kópavogur	188	113	160
	Mosfellsbær	55	37	63
	Seltjarnarnes	15	8	15
	Samtals af Höfuðborgarsv. utan Rvík.	**422 (33%)**	**309 (34%)**	**416 (33%)**
	Reykjavík	**533 (42%)**	**346 (38%)**	**535 (43%)**
	Samtals (nemendur með póstnúmer)	1272	902	1251

Fjarnám – kynjaskipting

Í meðfylgjandi töflu er að finna kynjaskiptingu fjarnema

Önn	Karlar (%)	Konur (%)	Annað eða ótilgreint kyn (%)
Vor	40,4	59,2	0,4
Sumar	44,6	55,1	0,3
Haust	38,4	61,4	0,2


Fjarnám – aldursdreifing

Meðalaldur fjarnema var nokkuð hærri en í dagskólanum en þó ekki eins hár og á starfsbrautum skólans.

Önn	Meðalaldur	Miðgildi aldurs	Staðalfrávik aldurs
Vor	25,1	21	11,4
Sumar	23,3	19	9,3
Haust	25,9	21	11,9

Fjarnám-skipting skráninga gagnvart lokaprófi

Nemendur í fjarnámi þurfa að þreyta lokapróf nema í undantekningartilvikum. Lokaprófin eru þreytt í skólahúsnæði Fjölbrautaskólans við Ármúla við Ármúla 12, í öðrum viðurkenndum fræðslumiðstöðvum hér heima og erlendis, eða á ræðismannsskrifstofum víða um lönd.



Rúmlega 60% nemenda þreyta lokapróf alla jafna en rúmlega þriðjungur heltist úr lestinni og mætir ekki til lokaprófs. Árið 2023 var nokkuð hefðbundið hvað það varðar. Árin 2020 sker sig einna helst út en það markaðist af skólabanni allt árið; frá mars 2020 og svo aftur frá september 2020. Öll lokapróf voru þá þreytt í gegnum Moodle-námsumsjónarkerfið þar sem kennsla fer fram í fjarnámi.

Ef miðað er við árið 2020 þá gæti skólinn hækkað hlutfall þreyttra lokaprófa með því að hafa lokapróf með frjálslegri hætti. Að mati skólasamfélagsins stendur skólinn vörð um gæði námsins með því að hafa lokapróf á viðurkenndum prófstöðum. Nemendur sem mæta til lokaprófs þurfa t.d. að framvísa skilríkjum og geta ekki notað nema leyfð hjálpargögn.

Rekstur

Afkoma af rekstri skólans var mjög góð og í raun sú besta síðan fyrir heimsfaraldur.

Tekjur og gjöld

	2019	2020	2021	2022	2023
Framlag úr ríkissjóði skv. fjárlögum	1.408.575.712	1.508.732.463	1.533.917.351	1.641.514.431	1.822.761.550
Aðrar tekjur	161.642.606	163.554.030	173.159.876	150.895.389	185.262.493
Tekjur samtals	1.570.218.318	1.672.286.493	1.707.077.227	1.792.411.842	2.008.024.043
Laun	1.186.222.147	1.297.217.213	1.306.199.461	1.365.611.133	1.506.954.928
Önnur gjöld	343.019.814	343.959.854	379.520.519	408.080.295	465.561.236
Gjöld alls	1.529.241.961	1.641.177.067	1.685.719.980	1.773.691.428	1.972.516.164
Afkoma fyrir fjármagnsliði	40.976.357	31.109.426	21.357.247	18.720.414	35.507.879
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.057	37.365	25.414	32.712	19.491
Afkoma ársins	**40.953.300**	**31.072.061**	**21.331.833**	**18.687.702**	**35.507.879**

Námskraftur

Haustið 2023 tók skólinn við Námskrafti. Námskraftur er einna helst fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára sem uppfylla ekki inntökuskilyrði fyrir framhaldsskóla eða hafa innritast í framhaldsskóla en ekki náð að fóta sig. Markmið Námskrafts er að ungmennin nái að uppfylla inntökuskilyrði framhaldsskóla, styrkja sjálfsmynd sína og efla trú á eigin getu í námi. Unnið er eftir þeirri hugmyndafræði að leggja áherslu á þrískiptingu náms í bóklega og verklega áfanga ásamt sjálfstyrkingu.

Á haustönn 2023 hófu alls 31 nemandi nám í Námskrafti og var þeim skipt í tvo hópa. Af þeim sem hófu nám luku 24 nemendur Námskrafti með einingum (77,4%). Aldursdreifing þeirra sem skráð voru til náms á haustönn var frá fæðingarárinu 2004-2007. Nemendur voru því á bilinu 16-19 ára á árinu. Flestir nemendur voru fæddir 2007 eða 20 (64,5%), 5 (16,1%) þeirra fæddir 2006, 6 (19,3%) fæddir 2005 eða 2004. Lang stærstur hluti nemenda var á 16.-18. aldursári eða 96,8%. Kynjahlutfall þeirra sem hófu nám á haustönn voru 13 piltar (42%), 18 stúlkur (58%), en þeirra sem luku einingum voru 12 piltar (50%) og 12 stúlkur (50%). Flestir nemendur voru úr Reykjavík eða 38,6%, en 61,4% voru úr sveitarfélögunum Kópavogi, Garðabæ, Hafnafirði, Mosfellsbæ og Vogum.

Nemendur sem ekki voru með staðfestingu á að hafa lokið hæfniviðmiðum grunnskóla, það er að segja voru með stjörnumerkta einkunn, með D í kjarnagreinum eða ekki með aðgengilegar upplýsingar um námsgengi við lok grunnskóla voru 71%.

Þeir 24 nemendur sem luku einingum á haustönn í Námskrafti kláruðu 3-23 einingar á framhaldskólastigi, flestar á 1. þrepi en einnig á 2. þrepi. Flestir nemenda, eða 79,2% kláruðu 2 áfanga eða fleiri, eða á bilinu 8-23 einingar. Ástæður þess að nemendur luku ekki einingum eða hættu snemma í Námskrafti voru af ýmsum toga, en algengast var að um væri að ræða vanda á borð við kvíða, þunglyndi eða félagsfælni.

Sá skóli sem flestir nemendur í Námskrafti sóttu um að loknu námi var Fjölbrautaskólinn við Ármúla. Ellefu nemendur héldu áfram í Námskrafti á vorönn 2024.

Skólafundur 5. október 2023

Nemendur ræddu í þriggja til fimm manna hópum um kennslu, námsmat, nýja áfanga, aðstöðu, félagslíf og annað sem þeim lá á hjarta varðandi skólastarfið. Nemendur áttu fyrirfram að ímynda sér að þeir gegndu stöðu skólameistara. Kennarar fengu það hlutverk að skipta nemendum í hópa en nemendur sendu hugmyndir sýnar inn á tiltekið netfang.

Mat

Innra mat

Nýr gæðastjóri tók við í byrjun árs 2023 en þá tók Unnar Þór Bachmann við af Jónu Guðmundsdóttur sem lauk störfum við skólann. Nokkrar breytingar urðu á sjálfsmatsteymi sem annast innra mat sem fjallað er um í sjálfsmatsskýrslu skólans.

Stofnun ársins 2023

Skólinn lenti í þriðja sæti í flokki stofnana með 90 starfsmenn eða fleiri í Stofnun ársins árið 2023 eins og árið 2022. Að vanda gáfu starfsmenn stofnana einkunn eftir flokkum: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Starfsmenn skólans gáfu skólanum góða einkunn í öllum flokkum. Í sínum flokki með 90 starfsmenn eða fleiri hafnaði skólinn í fyrsta sæti varðandi launakjör og þriðja sæti varðandi ánægju og stolt annars vegar og hins vegar jafnrétti. Sjö aðrir framhaldsskólar voru í flokki með Fjölbrautaskólanum við Ármúla: Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn í Kópavogi og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Áberandi er að flokkurinn sveigjanleiki í vinnu kemur verst út hjá skólunum sem stafar að einhverju leyti af því að skólar starfa eftir stundatöflu og erfitt að komast frá á hverju skólaári nema um jól og páska. Fjölbrautaskólinn við Ármúla kom þó best út allra framhaldsskóla hvað þennan þátt varðar. Þessi niðurstaða sýnir svo ekki er um villst að Fjölbrautaskólinn við Ármúla er góður vinnustaður á flesta mælikvarða.



Stefnur, áætlanir og verkefni

Grænfáninn

Um miðjan febrúar var skólanum afhentur Grænfáninn í 9. skiptið. Skólinn hefur fengið Grænfánann afhentan oftar en nokkur annar framhaldsskóli og þar sem hann er afhentur til tveggja ára í senn, þá lætur nærri að skólinn hafi flaggað fánanum í 20 ár. Í lok árs 2024 er stefnan að sækja um fánann í 10. skiptið. Skólinn er búinn að fá samþykkt Erasmus-verkefni (A Green Day) þar sem hann nýtir reynslu sína til þess að hjálpa skóla á Tenerife að feta svipaða braut.

Kuðungurinn 2022

Kuðungurinn er viðurkenning á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til fyrirtækja og stofnana sem veitt er árlega. Við mat á viðurkenningum er horft til fjölmargra þátta s.s. eins og umhverfisstjórnunar, losunar gróðurhúsalofttegunda, lágmörkunar á úrgangi eða framlags til umhverfismála.

Í ár bárust dómnefnd Kuðungsins alls 27 tilnefningar og komst skólinn í úrslit í hópi stærri fyrirtækja og stofnana ásamt Jáverki og Elko. Það er í fyrsta skipti sem menntastofnun nær svona langt. Í apríl 2023 heimsótti fjögurra manna dómnefnd skólann til að kynna sér umhverfisstarf skólans betur. Það fór svo að Jáverk hlaut Kuðunginn 2022.

Jafnvægisvogin

Þann 12. október 2023 var skólanum afhent Jafnvægisvogin en hana fengu 89 af 239 þátttakendum. Í hópi verðlaunahafa voru 22 opinberir aðilar. Jafnvægisvogina hlaut skólinn fyrir að jafna kynjahlutföll í yfirstjórn skólans en í henni eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og fjarnámsstjóri. Tveir karlar og þrjár konur.

Erlend samstarfsverkefni

Skólinn átti í blómlegum samskiptum við umheiminn árið 2023 eins og fyrri ár. Starfsmenn og nemendur skólans voru beinir þátttakendur í þremur skólaverkefnum með evrópskum samstarfsaðilum: Education and Enterpreneurhip, Global Awerness in Action og Europness-The Principles We Share. Öllum þessum verkefnum lauk árið 2023.

Í hverjum einasta mánuði komu erlendir námsráðgjafar, skólastjórnendur, kennarar og nemendur til að kynna sér skólann. Gestir okkar í ár komu frá Spáni, Hollandi, Tyrklandi, Danmörku, Svíþjóð og systurskóla í Japan. Gestirnir komu til að heimsækja kennslustundir, spjalla við meðlimi skólasamfélagsins, kynna sér úrræði gegn brottfalli eða fylgja starfsfólki skólans við störf (e. job shadowing).

Þá heimsóttu nemendur og kennarar FÁ ráðstefnur erlendis, sóttu starfsþjálfun í Danmörku og heimsóttu Evrópuþingið auk þess að fara í almennar skólaheimsóknir tengdum Evrópuverkefnum. Skólinn hlaut á árinu aðild að Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins (accredidation) sem gildir frá 2023-2027. Með aðildinni viðurkennir Landskrifstofa Erasmus+ hæfni FÁ til að skipuleggja og framkvæma góð náms- og þjálfunarverkefni en gerð er krafa um gæði verkefna þeirra sem fá vottun.

Forvarnar- og félagsmál

Forvarnar- og félagsmálafulltrúi skólans var Kristín Valdemarsdóttir. Notkun tóbaks, rafretta og nikótínpúða er bönnuð á lóð skólans og nemendur sem verða uppvísir að notkun er áminntir. Ef nemandi er undir 18 ára aldri þá er sendur póstur til foreldra. Hefðbundnar reykingar eru á undanhaldi en notkun nikótínpúða og rafrétta í sókn. Þá ber nokkuð á því að nemendur séu að veipa í tíma og ótíma og stelast til þess að veipa á göngum skólans, skólalóðinni eða inni á salernum.

Mikið af forvarnastarfi fer fram í lífsleiknitímum en þar fá nemendur fræðslu um jafnrétti, staðalmyndir, fordóma, samfélagsmiðla, heilbrigðan lífsstíl, sjálfsmynd og gildismat. Ástráður kemur og fræðir nemendur um kynlíf og kynheilbrigði og Samtökin 78 koma með hinseginfræðslu.

Skólinn hlaut styrk sumarið 2023 frá ÍSÍ til að halda íþróttaviku í september. Styrkurinn nam 300.000 krónum. Þá var bíllausi dagurinn haldinn 22. september og nemendur hvattir til að ganga eða nota strætó. Björgvin Páll Gústafsson heimsótti skólann og hélt fyrirlestur um ADHD og íþróttir. Nemendur fóru í skautaferð í Skautahöllina og nemendum bauðst að fara í gönguferð upp að Glym svo fátt eitt sé nefnt. Hluti af peningunum voru svo nýttir til að kaupa búnað sem nýta má til útivistar með nemendum þegar vel til viðrar.

Forvarnavika var með styttra móti vegna veglegrar íþróttaviku en 5. október kom Pálmar Ragnarsson og hélt fyrirlestur um jákvæð samskipti sama dag og skólafundur var.

Þá var skólinn í samstarfi með Borgó, FMOS, Tækniskólanum og FB um sameiginleg böll og forvarnafulltrúi sótti fundi um forvarnir með öðrum forvarnafulltrúm framhaldsskóla.

Setrið


Umsjónarmaður Setursins var Kristján Þór Sverrisson. Í Setrinu býðst nemendum einstaklingsmiðuð námsaðstoð. Flesta daga eru tveir til þrír tímar fastir í stundaskrá þar sem aðstoð er í boði en annars geta nemendur komið og sinnt heimalærdómi eða fengið praktíska aðstoð

Nýnemum er við upphaf skólaárs bent sérstaklega á Setrið og þjónustu þess. Annars eru það kennarar í einstökum áföngum eða námsráðgjafar sem vísa nemendum þangað ef þeim finnst ástæða til. Iðulega fá þeir þá fastan tíma Setrinu í stundatöfluna sína.

Mesta þörfin fyrir aðstoð er í grunnáföngum í íslensku og stærðfræði.

Heilbrigðisskólinn- kynningarverkefni

Heilbrigðisráðuneytið styrkti heilbrigðisskólann til að kynna starfsemi sína. Lögð var áhersla á fjórar námsbrautir: tanntækna-, lyfjatækna-, sótthreinsitækna- og þjónustutæknabraut. Útbúin voru kynningarmyndbönd fyrir allar námsbrautirnar með hjálp nemenda í samvinnu við auglýsingastofuna Sahara. Kynningarmyndböndunum var dreift á heimasíðu skólans í gegnum YouTube seint í október. Þessu verkefni var svo haldið áfram á árinu 2024. Skólinn merkir aukinn áhuga nemenda á náminu og forvitnilegt verður að fylgjast með hvernig vindur fram. Hér fyrir neðan má sjá hvernig skoðanir á undirsíðum viðkomandi brauta tóku kipp milli áranna 2022 og 2023 ef tekið er mið af tímabilunum frá 4. október til 31. desember bæði árin.



Lokaorð

Fjölbrautaskólinn við Ármúla þjónaði fjölbreyttum hópi nemenda á skólaárinu nú sem fyrr. Skólinn er í forystu þegar kemur að fjarnámi, veitingu inngildandi menntunar, erlendu samstarfi, umhverfis- og vinnuumhverfismálum. Þá er skólinn að sækja í sig veðrið meðal yngri nemenda en undanfarin ár hafa komið inn stórir nýnemahópar. Fróðlegt verður að fylgjast með þeirri þróun á næstu árum.

Reykjavík í september 2024

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri